



Dreifibréf til rekstrarfélaga verðbréfasjóða

11. janúar 2016
Tilvísun: 2015110011

Efni: Ráðstafanir til úrbóta á grundvelli 43. gr. laga nr. 128/2011.

Vegna fyrirspurna sem borist hafa Fjármálaeftirlitinu í tengslum við dreifibréf eftirlitsins hinn 4. desember sl. vill Fjármálaeftirlitið jafnframt árétta þær reglur sem gilda um ráðstafanir til úrbóta fari fjárfesting verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Samkvæmt 43. gr. laganna skal rekstrarfélag verðbréfasjóða, fari fjárfesting fram úr leyfilegum mörkum, þegar gera ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki náð í síðasta lagi innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina. Skylda til að gera ráðstafanir til úrbóta stofnast hjá rekstrarfélagi verðbréfasjóða um leið og frávik eða brot á fjárfestingarheimildum verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðs samkvæmt lögum á sér stað.

Að mati Fjármálaeftirlitsins felst í framangreindu að rekstrarfélagi verðbréfasjóða ber að selja eða grípa til annarra ráðstafana til að ná lögmæltu hámarki án ástæðulauss dráttar. Í því felst að rekstrarfélagi verðbréfasjóða sé þá þegar skylt að leita tilboða í eignina og selja fáist viðunandi markaðsverð fyrir séu aðrar ráðstafanir ekki tækar.

Í tengslum við framangreint er rétt að árétta að Fjármálaeftirlitið lítur svo á að rekstrarfélagi verðbréfasjóða sé óheimilt, þrátt fyrir væntingar um bættar markaðsaðstæður eða aukið innflæði, að fresta sölu seljanlegra eigna sjóða sem eru umfram fjárfestingarheimildir laganna.

Með hliðsjón af framangreindu er vakin sérstök athygli á heimild Fjármálaeftirlitsins til að beita rekstrarfélög verðbréfasjóða stjórnvaldssektum vegna brota gegn ákvæðum 30.-43. gr., sbr. 15. tölul. 1. mgr. 65. gr. áðurgreindra laga.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Gunnar Þór Ásgeirsson
Gunnar Þór Ásgeirsson